

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/2197****2020/EES/50/47****frá 27. nóvember 2015****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við  
reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 354. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt staðalaðferðinni fyrir markaðsáættu geta stofnanir beitt lægri eiginfjárkröfum fyrir gjaldeyrisáættu gegn jöfnuðum stöðum í tveimur gjaldmiðlum þegar þeir eru taldir vera með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 2) Við skráningu gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni ætti að beita þeirri stöðluðu markaðsvenju að umreikna hámarkstap á 10 dögum yfir á hámarks tap á einum degi með því að deila 4% hámarks gjaldmiðlahreyfingu með kvaðratróttinni af 10. Þess vegna ætti þröskuldurinn á hámarks dagssveiflu á virði milli tveggja gjaldmiðla að vera 1,265%.
- 3) Daglegt hundradshlutfall hreyfinga gjaldmiðla ætti að vera ákvarðað sem munurinn milli naperíks logra (NapLog) virðis gjaldmiðlaparanna eins og það mældist tvo daga í röð.
- 4) Bera ætti saman algildi hundradshlutfallsins við þröskuld daglegu 1,265% hámarksbreytingarinnar milli tveggja gjaldmiðla. Allt virði sem er umfram þennan þröskuld ætti að teljast andstætt 4% tíu daga hámarkstapi.
- 5) Nauðsynlegt er að ákvarða hámark ásættanlegs taps til þess að gjaldmiðlapörin sem fara umfram þau takmörk myndu ekki teljast hafa fylgni í samræmi við 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Enn fremur ætti útreikningur á hámarki ásættanlegs taps að taka tillit til bæði gnóttstaðna og skortstaðna í erlenda gjaldmiðlinum. Fjöldi frávika sem leyfð eru ætti að námunda niður á við og í samræmi við það ætti hámark frávika að vera 7 frávik frá hámarkstapi á undangengnum þremur árum og 65 frávik frá hámarkstapi á undangengnum fimm árum.
- 6) Ákvæði 1. mgr. 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 kveður aðeins á um lægri kröfur vegna eiginfjárgrunns gegn stöðum í „viðkomandi gjaldmiðlum með sterka innbyrðis fylgni“. Að því leiðir að einvörðungu ætti að meta þau gengispör sem myndast með því að para saman hvern mismunandi gjaldmiðil aðildarríkis við gjaldmiðla á skrá yfir gjaldmiðla frá þriðju löndum, sem skipta máli fyrir fjármálastofnanir í Sambandinu með tilliti til þeirra viðmiða, til að bera kennsl á gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni.
- 7) Matið ætti einnig að taka til tiltekinna annarra gengispara, þ.m.t. para sem samanstanda eingöngu af gjaldmiðlum þriðju landa, að gefnu mikilvægi þeirra fyrir eignasafn stofnanna í Sambandinu. Enn fremur ætti, að uppfylltum kröfum 1. mgr. 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlitstímabil, aðeins að taka tillit til gjaldmiðla þar sem til staðar eru samfelld dagleg gögn til fimm ára frá áreiðanlegri heimild þegar afstaða er tekin til þess hvaða gjaldmiðla ætti að hafa með í matinu.
- 8) Í 4. mgr. 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er komið á sérstakri meðferð fyrir gjaldmiðlapör sem mynduð eru af gjaldmiðlum frá aðildarríkjum sem taka þátt í öðru stigi efnahags- og myntbandalagsins (‘ERM II’) gegn evru og þeirra sjálfra í milli. Því ættu pör sem hafa að geyma þá gjaldmiðla ekki að teljast „viðkomandi“. Hins vegar ættu pör sem mynduð eru með ERM II gjaldmiðli annars vegar og gjaldmiðli öðrum en evru eða öðrum ERM II gjaldmiðli hins vegar að teljast „viðkomandi“.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 313, 28.11.2015, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

(<sup>1</sup>) Stjttíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

- 9) Því ætti að meta fylgnina milli þeirra gjaldmiðlapara sem myndast með samsetningu gjaldmiðlanna sem gefnir eru upp í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 10) Til þess að veita vissu um notkun skrárinnar yfir gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni ætti sú skrá að sæta endurskoðun í samræmi við d-lið 1. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(1)</sup>. Af sömu ástæðu ætti slík endurskoðun að vera gerð reglulega og á eða í kringum sömu daga árlega nema nauðsynlegt sé vegna markaðsþróunar að slík endurskoðun fari fram í sérstökum undantekningartilvikum á öðrum tímum.
- 11) Reglugerð þessi byggir á frumvarpi að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 12) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Gjaldmiðlapörin sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stj.íð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

## VIÐAUKI

**Skrá yfir gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni***1. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við evru (EUR)*

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínsk mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), sterlingspund (GBP), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON).

*2. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við dirham arabísku furstadæmanna (AED)*

Angólskt kwanza (AOA), kanadadalur (CAD), kínverskt júan (CNY), sterlingspund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*3. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við albanskt lek (ALL)*

Bosnískt og hersegovínsk mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON), evra (EUR).

*4. hluti - Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við angólskt kwanza (AOA)*

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*5. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við bosníska og hersegovínska markið (BAM)*

Albanskt lek (ALL), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), sterlingspund (GBP), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON), evra (EUR).

*6. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við búlgarskt lef (BGN)*

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínsk mark (BAM), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), sterlingspund (GBP), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON), evra (EUR).

*7. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við kanadadal (CAD)*

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), Hong Kong dalur (HKD), makaóskt pataca (MOP), singapúrskur dalur (SGD), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*8. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við kínverska júanið (CNY)*

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), sterlingspund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*9. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við tékknesku krónuna (CZK)*

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínsk mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON), evra (EUR).

*10. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við dönsku krónuna (DKK)*

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínsk mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), breskt pund (GBP), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON), singapúrskur dalur (SGD).

*11. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við sterlingspund (GBP)*

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), bosnískt og hersegovínsk mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), kínverskt júan (CNY), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kuna (HRK), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dirham (MAD), makaóskt patacha (MOP), singapúrskur dalur (SGD), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

*12. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis við Hong Kong dal (CAD)*

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kanadadalur (CAD), kínverskt júan (CNY), sterlingspund (GBP), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*13. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við króatísku kúnuna (HRK)*

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínsk mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), sterlingspund (GBP), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON), singapúrskur dalur (SGD), evra (EUR).

*14. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við suður-kóreskt vonn (KRW)*

Perúski nuevo sol (PEN), filipeyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taívanskur dalur (TWD).

*15. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við líbanska pundid (LBP)*

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kínverskt júan (CNY), sterlingspund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*16. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við marokkóska dirhaminn (MAD)*

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínsk mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), sterlingspund (GBP), króatísk kúna (HRK), rúmenskt lei (RON), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt baht (THB), taívanskur dalur (TWD), evra (EUR).

*17. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við makaóskt pataca (MOP)*

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kanadadalur (CAD), kínverskt jen (CNY), breskt pund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt baht (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*18. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við perúskt nuevo sol (PEN)*

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), breskt pund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), suður-kóreskt vonn (WON), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*19. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við filippseyska pesósann (PHP)*

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), suður-kóreskt vonn (WON), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), malasískur ringgit (MYR), perúski nuevo sol (PEN), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*20. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við rúmenska lefið (RON)*

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínsk mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), evra (EUR).

*21. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við singapúrskan dal (SGD)*

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kanadadollar (CAD), kínverskt júan (CNY), dönsk króna (DKK), sterlingspund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), suður-kóreskt vonn (WON), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dirham (MAD), makaóskt pataca (MOP), malasískur ringgit (MYR), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*22. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við taílenskt bat (SGD)*

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), morokkóskur dirham (MAD), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*23. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við taívanskan dal (SGD)*

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kanadadollar (CAD), kínverskt júan (CNY), sterlingspund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), suður-kóreskt vonn (WON), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dirham (MAD), makaóskt pataca (MOP), malasískur ringgit (MYR), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), bandaríkjadalur (USD).

*24. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við bandaríkjadal (USD)*

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kanadadalur (CAD), kínverskt júan (CNY), sterlingspund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD).

---